

Nefndasvið Alþingis

24. október 2013  
Tilv. 40.13 ÓB/ei


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sjúkraskrár (aðgangsheimildir), 24. mál**

Landspítali þakkar fyrir tækifæri til þess að gera athugasemdir við umrætt frumvarp. Almennt er frumvarpið til bóta og skýrir betur ýmis atriði.

Athugasemdir Landspítala eru eftirfarandi:

1. Rétt er að benda á að í skilgreiningu laga nr.55/2009 er þess ekki gætt að hið rafræna sjúkraskrárkerfi spítalans (Sögukerfið og fleiri kerfi) hafa þróast í vefmót, þar sem ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að kalla fram allar upplýsingar um tiltekinn sjúkling yfir tiltekið tímabil. Hvergi er yfirlit yfir hvaða gögn eru til um sjúkling og gerir það mjög erfitt að afhenda sjúklingum (eða yfirvöldum) afrit af sjúkraskrá. Löggin gera beinlínis ráð fyrir að rafræn sjúkraskrá haldi utan um texta eins og mappa fyrir pappír, en svo er alls ekki. Sem dæmi má nefna að sjúkrasaga sjúklings og dagnótur eru í Sögukerfinu, en upplýsingar um lyfjagjafir eru að mestu leyti í öðru kerfi og margvíslegar rannsóknarniðurstöður varðandi blóðgildi, myndgreiningu, sýkla- og vefjagreiningu eru einnig í mismunandi kerfum.
2. Einnig skal bent á að hvergi í fjárveitingum er gert ráð fyrir þeim mikla vexti sem orðið hefur í beiðnum um afrit af sjúkraskrá. Talsverð vinna er fólgin í að útvega þessi afrit, bæði vegna þess að tryggja þarf að í gögnunum sé ekkert haft eftir þriðja aðila, en einnig vegna þeirrar fyrirhafnar sem fylgir því að tína gögn út úr hinum ýmsu aðskildu hlutum rafrænnar sjúkraskrár, sbr. ofangreint.

Virðingarfyllst,



Ólafur Baldursson  
Framkvæmdastjóri lækninga